

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 24. janúar 2019
UST201812-123/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Leynir – Rangárþing ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 14. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Leyni í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagið tekur til fimm lóða, eina lóð undir landbúnað og fjórar undir frístundabyggð, úr landi jarðarinnar Leynis í Rangárþingi ytra. Auk þess kemur fram að innan hverrar frístundalóðar er heimilt að byggja allt að 100 m² frístundahús, allt að 50 m² gestahús og allt að 40 m² geymslu og á landbúnarðarlóðinni er heimilt að byggja allt að 150 m² íbúðarhús með bílskúr, allt að 50 m² gestahús og allt að 40 m² geymslu.

Sérstaka verndin

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er algróið en stutt er niður á hraun og jarðvegshulan þunn. Umhverfisstofnun telur að skipulagssvæðið falli undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og telur stofnunin mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni. Stofnunin bendir á að áhrif framkvæmda á svæði undir sérstakri vernd eru tengd þykkt jarðvegs (framvindu gróðurs á hrauninu), þ.e. þar sem jarðvegslag er þunnt er afturvirkni framkvæmda minni en ella og þola þau svæðið því minna rask.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram, þar sem fjallað er um umhverfissáhrif tillögunar, að byggingar hafa óhjákvæmilega áhrif á náttúru sem og landslag og ásýnd. Umhverfisstofnunar telur mikilvægt að umhverfi svæðisis sé lýst með ítarlegri hætti og það komi fram hver áhrif